

1860.  
30. júlí.

að 5 þeirra jafngildi einni spesíu eður 2 ríkisdöllum ríkismyntar, og hver einstakur 38 skildingum ríkismyntar; en eptir að þessi tími er liðinn skuli þeim veitt viðtaka í jarðabókarsjóðinn aðeins fyrir 36 skildinga ríkismyntar. Þá peninga, er þannig koma inn í sjóðinn, má ekki aptur út láta, heldur skal senda þá til Kaupmannahafnar til þess að þeir verði ónýttir.

Þetta kunngjöríst hér með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni, samkvæmt konungsúrskurði 13. júním. þ. á.

3. ágúst. **46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.**

Eptir því sem skýrt er frá um málavexti í prófseptirriti því, er þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað með bréfi 5. júním. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Nikulási Gottskálksyni og hásetum hans, Árna Nikulássyni og Jóni á Ferstiklu, 32 ríkisdala verðlaun, Nikulási 20 rdl. en hverjum hásetanna 6 ríkisdali, fyrir það, að þeir í fyrra vor björguðu Árna Grímsyni og syni hans Njáli Árnasyni úr lífsháska á sjó, og hefir verið hlutast til um, að fè þetta verði greitt úr jarðabókarsjóði Íslands eptir ráðstöfun yðar.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér gætið þess, sem að öðru leyti er þörf á í þessu efni.

30. ágúst. **47. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðingu yfir nokkra kafla úr nýja testamentinu.**

Kirkju- og kennslustjórnin hefir fengið aptur með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, 7. f. m., bænaraskrá frá Pètri prófessor Péturssyni, og Sigurði Melsted,